

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973:

Vélskelflett rækja:

	Cif
1. 10×4×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.713
2. 24×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.730
3. 2×5 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
5. 24×450 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
6. 1×25 lbs. sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
7. 15×200 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.740
8. Í saltlegi, pr. lb.	£ 0.710

Handskelflett rækja:

Í saltlegi, pr. lb.	£ 0.760
--------------------------	---------

Verðbil verði 5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi 4. júní 1973 (£ = 234/60).

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

7. júní 1973.

Nr. 189.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. ágúst 1972 með gjafabréfi Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð, Skagafirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Spariskirteini ríkissjóðs samtals að nafnverði kr. 1 800 000.00 að viðbættu vísitöluálagi 44.26% samtals kr. 2 042 000.00.

Sparisjóðsbók nr. 21213, innstæða kr. 258 000.00, við útibú Búnaðarbankans Sauðárkróki. Ásamt ávísun á afborganir af skuldabréfi á árunum 1972, 1973 og 1974 að upphæð kr. 100 000.00. Samtals kr. 3 000 000.00.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki eða á annan hátt, sem tryggilegur er og stuðlar að tilgangi sjóðsins, að dómi sjóðstjórnar.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, sbr. gjafabréf stofnanda sjóðsins, „að styrkja þá starfsemi sem Krabbameinsfélag Skagafjarðar og Hjarta- og æðaverndarfélag Skagfirðinga, hafa að markmiði að vinna að.

Taki opinberar stofnanir að sér hlutverk framangreindra aðila, eða ef tekst að sigrast á þeim sjúkdómum, sem þau berjast gegn, skal fé sjóðsins á sama hátt varið til styrktar öðrum áþekktum líknarmálum, sem aðkallandi eru að mati stjórnar sjóðsins.“

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár.

6. gr.

Sjóðurinn veitir móttöku minningargjöfum og öðrum gjöfum. Gjafir þessar skulu skráðar í gjörðabók sjóðsins.

7. gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram árlega. Heimilt er að úthluta helmingi vaxta sjóðsins. Óheimilt er að skerða höfuðstól hans fram yfir upphaflegt stofnfé.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal þannig skipuð, sbr. gjafabréf, „að yfirlæknir Sjúkrahúss Skagfirðinga, Sauðárkróki eða annarrar hliðstæðrar stofnunar, sem kann að taka við starfsemi þess, skal vera formaður.“ Einn fulltrúi skal vera skipaður af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, annar skal skipaður af bæjarstjórn Sauðárkróks. Auk þessa skal Ástmundur Guðmundsson, forstjóri, Reykjavík, frændi stofnanda sjóðsins vera, samkvæmt gjafabréfi, í stjórn sjóðsins, meðan hans nýtur við.

Endurskoðendur skulu vera tveir, einn tilnefndur af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og annar tilnefndur af bæjarstjórn Sauðárkróks.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 7. maí 1973.

Í stjórn sjóðsins:

Ólafur Sveinsson. Björn Egilsson, Halldór Þ. Jónsson.
Ástmundur Guðmundsson.